

Bæjarfréttir

Útvarpið í kvöld.

Kl. 20.00 Fréttir. — 20.30 Daglegt mál. (Árni Böðvarsson kand. mag.). — 20.35 Erindi: Lesbækur og kennslubækur. (Jónas Jónsson, fyrrum ráðherra). — 21.00 Tónleikar (plötur). — 21.25 Útvarpssagan: „Sólon Íslandus“, eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi; XXVI. (Þorsteinn Ö. Stephensen). — 22.00 Fréttir og veðurfregnir. — 22.10 Garðyrkjubáttur: Gróðursjúkdómar. (Ingólfur Davíðsson magister). — 22.25 Symfónískir tónleikar frá tékkneska útvarpinu: Píánókonert í g-moll eftir Dvorák. (Zdenek Hnát og Borgarhljómsveitin í Prag leika; Václav Smetacek stjórna). — 23.05 Dagskrár lok.

Hjúskapur.

Síðastliðinn laugardag voru gefin saman í hjónaband af síra Jóni Thorarensen Ás-laug Kjartansson, Ásvallagötu 77 og Björn J. Björnsson, Reynirnel 55.

Styrkur.

Ráðuneytið hefir lagt til, að Árni Vilhjálmsson, hagfræðingur, Flókagötu 53, Reykjavík, hljóti styrk þann, er norsk stjórnarvöld veita Íslendinga til náms í Noregi næsta vetur. Árni mun kynna sér hagrannsóknir í Noregi. — Menntamálaráðuneytið, 29. apríl 1958.

Kvikmyndasýning

verður í I. kennslustofu háskólans í kvöld, föstudaginn 2. maí kl. 8.30 e. h. Sýndar verða fjórar sænskar kvikmyndir, þrjár þeirra í litum: 1. Bókin. 2. „Made in Sweden“. 3. Stokkhólmsmyndir. 4. Svíþjóð — víkingaland. Öllum heimill ókeypis aðgangur.

Samtíðin.

Maíblaðið er komið út og flytur m. a. þetta efni: „Þegar býður þjóðar sómi“ (forustugrein um hið merka hlutverk Flugfélags Íslands í samgöngumálum okkar). Kvinnabættir, eftir Freyju. Líftaugin (ástarsaga) eftir Rögnvald Erlingsson. Eldvaðendur á Malaja (kynjasaga). Hrafnista, dvalar-

heimili aldraðra sjómanna, árgömul. Hvernig eiginkona er eg? Skálpáttur, eftir Guðmund Arnlaugsson. Bridge, eftir Árna M. Jónsson. Bréfaskóli í íslensku. Afmælisþáðómar fyrir maí-mánuð. Óskalagatextar, draumaráðningar, ástamál, krossgáta o. m. fl. Á forsiðu er mynd af stjórnumum Debby Reynolds og Bobby Van í nýrri kvikmynd.

Myndlistarsýning

Ásgerðar Esterar Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti átti að ljúka í gærkveldi, en hefur nú verið framlengd vegna mikilla aðsóknar til sunnudagskvölds. Opin daglega frá 2—10.


Forseti ASF heim-sækir Ísland.

Um þessar mundir dvelst hér á landi mr. Raymond Dennett forseti American Scandinavian Foundation ásamt konu sinni, en þau komu hingað s.l. laugardag.

Fréttamenn hafa átt tal við mr. Dennett, sem er hér á ferð til að kynna sér aðstæður hér á landi. Rakti hann í stuttu máli sögu stofnunarinnar, en hún var stofnuð 1910 með ½ millj. dollara framlagi frá dansk-amerískum iðnjöfni Niels Poulsen og skyldi þeim varið til að styrkja menningartengsl milli Bandaríkjanna og Norðurlanda. Hefur stofnunin mikla starfsemi í þessu augnamiði og nýtur til þess stuðnings ýmissa aðilja. Af starfsemi stofnunarinnar má nefna viðtæka útgáfustarfsemi norræna bókmennta og sagna, nem endaskipti, ráðningu fólks til tæknipjálfunar og kynningu Norðurlanda í Bandaríkjunum. Hefur áhugi Ameríkumanna á Norðurlöndum mjög aukist undanfarin ár og æ fleiri Ameríkumenn leggja leið sína til Norðurlanda til náms og kynningar.

Létu mr. Dennett og kona hans mjög vel yfir dvölinni hér en þau koma hingað nú í fyrsta sinn. Hafa þau hitt ýmsa menn að máli varðandi starfsemi stofnunarinnar. Þau munu snúa heim leiðis á morgun.

KROSSGÁTA NR. 3486.



Lárétt: 1 að viðbættu, 3 vargur, 5 tré, 6 úr viði, 7 ein-kennisstafir, 8 óp, 9 lof, 10 nafn, 12 frumefni, 13 flát, 14 kirkjuhluti, 15 hreyfing, 16 afrek.

Lóðrétt: 1 tré, 2 fréttastofa, 3 í Kenya, 4 þungbúnir, 5 nafni, 6 herbergi, 8 hljóð, 9 fangamark leikara, 11 afkvæmi, 12 ...svartur, 14 ósamstæðir.

Lausn á krossgátu nr. 3485:

Lárétt: 1 hef, 3 ös, 5 net, 6 ull, 7 ar, 8 Enni, 9 eld, 10 körg, 12 ás, 13 urr, 14 æsi, 15 rn, 16 læs.

Lóðrétt: 1 her, 2 et, 3 öln, 4 slífsi, 5 naskur, 6 und, 8 elg, 9 err, 11 Örn, 12 áss, 14 ææ.

Veðrið í morgun:

Hægviðri og léttskýjað í dag. Þíðviðri. Hiti um frostmark næstu nótt. Í morgun kl. 9 var hiti 1—6 stig á landinu. Í Rvík S 2 og 4 st. hiti. — Hæð er yfir Íslandi og Grænlandi.

Hiti erlendis kl. 6 í morgun: London 8, New York 14, Khöfn 8, Stokkhólmur 9, Osló 8, Þórshöfn í Færeyjum 3.

Eimskipafélag Reykjavíkur:

Dettifoss fór frá Ventspils í gær til Kotka og Reykjavíkur. Fjallfoss kom til Reykjavíkur á mánudag frá Leith. Goðafoss fór frá Akureyri í gær til Siglufjarðar, Ísa-fjarðar, Vestfjarða- og Breiðafjarðarhafna. Gullfoss fór frá Khöfn á laugardag — Lagarfoss er í Reykjavík. kom til Reykjavíkur í gær. Reykafoss kom til Hamborgar í fyrradag, fer þaðan til Rotterdam, Antwerpen og þaðan til Hamborgar, Hull og Reykjavíkur. Tröllafoss fór frá New York fyrir viku til Reykjavíkur. Tungfoss fór frá Hamborg í fyrradag til Reykjavíkur.

★ Lögreglan í París handtók um 100 Norður-Afríkumenn í úthverfum Parísar í fyrramorgun. Um 40 var sleppt skjótlega, en um 60 verða yfirheyrtir frekara.

Föstudagur.
121. dagur ársins.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur.

Þingholtsstræti 29A. Sími 12308. Útlán opin virka daga kl. 2—10, laugardaga 2—7, sunnud. 5—7. Lesstofa opin kl. 10—12 og 1—10, laugardaga 10—12 og 1—7, sunnud. 2—7.

Útibú Hólmgarði 34, opið mánud. 5—7 (fyrir börn). 5—9 (fyrir fullorðna) þriðjud., miðvikud. fimmtud. og föstud. 5—7. — Hofsvallagötu 16 opið virka daga nema laugard. kl. 6—7. — Efstasundi 266, opið mánud., miðvikud. og föstudaga kl. 5—6.

Bibliolestur: Job. 33,1—18. — Guð talar í hjartanu.



Nýreykt hangikjöt. — Alikálfasteikur og snittur. Nautakjöt í filet; buff, gullach og hakk.

Kjötverzlunin Búrfell

Skjaldborg við Skúlagötu. — Sími 1-9750.

Í laugardagsmatinn

Glænýr færafiskur, heill og flakaður. Frosin smálúða. Næturaltaður fiskur. Reyktur fiskur. Rauðmagi. Gellur, útbleyttur saltfiskur. Ennfremur mjög gott hnúsukjöt, kr. 10,00 kg.

Fiskhöllin

og útsölur hennar. — Sími 1-1240.

TIL HELGARINNAR

Léttsaltað dillkakjöt, Nautakjöt í buff og gullach. Gular baunir, hvítkál.

Bæjarbúðin

Sörlaskjót 9, sími 1-5198.

Hamflettur svartfugl

Lifur, hjörtu, svið.

Kjöt & Fiskur

kjörbúð.

Baldursgötu, Þórsgötu.

Sími 1-3828.

Ný reykt hangikjöt

Bræðraborg,

Bræðraborgarstig 16.

Sími 1-2125.

HLJÓMLEIKAR Noru Brockstedt

í Austurbæjarbíói hefjast á sunnudag kl. 11,15 síðdegis.

ásamt:

Alfred Jensen, yngsti og vinsælasti jazzpíánóleikari Noregs.

Rock 'n' Roll söngvarinn Harald Haraldsson, 14 ára, syngur nýjustu Tommy Steele og Prestleys lög.

Hljómsveit

Gunnars Ormslev leikur nýjustu lög.

Haukur Morthens syngur með hljómsveitinni og kynnir skemmtiatriðin.

Aðgöngumiðasala að hljómleikunum hefst á morgun kl. 2 í Austurbæjarbíói, sími 11384. — Tryggið ykkur miða tímanlega.

Aðeins tvennir hljómleikar

Vön afgreiðslustúlka

óskast strax.

Holtskjöt, Langholtsveg 89.

Minnisblað almennings

Ardeghisháflæði
kl. 5,08.

Slökkvistöðin
hefur síma 11100.

Næturvörður
Lyfjabúðin Iðunn, sími 1-79-11.

Lögregluvarðstofan
hefur síma 11166.

Slysavarðstofa Reykjavíkur

í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Læknarvörður L. R. (fyrir vitjanir) er á sama stað kl. 18 til kl. 8. — Sími 15030.

Ljósatími

bífreiða og annarra ökutækja í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verður kl. 22,15—4,10.

Landsbókasafnið

er opið alla virka daga frá kl. 10—12, 13—19 og 20—22, nema laugardaga, þá frá kl. 10—12 og 13—19.

Tæknibókasafn I.M.S.I.

í Iðnskólanum er opið frá kl. 1—6 e. h. alla virka daga nema laugardaga.

Listasafn Einarssonar

Hnitbjörgum, er opið kl. 1,30—3,30 á sunnud. og miðvikudögum.

Þjóðminjasafnið

er opið á þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 1—3 e. h. og á sunnudögum kl. 1—4 e. h.